

# Söguratleikur Grindavíkur 2018

## Fróðleiksmolar – Númerin eiga við viðkomandi ratleiksmerki á kortinu

1. Fjallasýn talin frá vestri: Sandfell (124m), Þórðarfell (161m), Sútur (141m) og Stapafell (113m). Í Stapafelli er mikið bólstraberg og þar má augum líta „stærsta bólstra í heimi“
2. Í gróðurlendinu norðan undir Svartsengisfelli (196m) voru fyrrum haldnar útihátíðir og komu samkomugestir víða að.
3. Fjallasýn í norður, Stóra-Skógfell (184m). Nafnið bendir til að það hafi verið skógi vaxið fyrrum.
4. Fjallasýn í austur, Fagradalsfjall/Langhóll (390m). Í miðju fjalli er Kastið (271m) þar sem flugvél Andrews fórst '53 ásamt 13 öðrum. Hann var háttsettur yfirmaður í Bandaríska hernum.
5. Svartsengisfell er einnig nefnt Sýlingafell (196m). Lyngrimi er lyngvaxinn á sumrin eins og nafnið ber með sér.
6. Fjallasýn í suður, Fiskidalsfjall (203m) og Húsafjall (171m). Þar eru miklar sand- og malarnámur.
7. Í Hagafelli (158m) voru sauðþjófar hengdir í Gálgaklettum.
8. Þorbjörn (229 m) er einkennisfjall Grindavíkur. Bretar voru með herbækistöð á fjallinu í Seinni-heimstýrjöldinni. Enn má sjá minjar um veru þeirra.
9. Efst í Þorbirni er Þjófagjá sbr. þjóðsöguna sem segir að í gjánni hafi haldið sig þjófar sem stálu fé af Grindvíkingum.



## Söguratleikur Grindavíkur 2018

Ratleikurinn er auðveldur og skemmtilegur útivistarleikur, sem stendur frá upphafi Sjóarans síkátá fram að Jónsmessu. Leitað er að spjöldum á stöðum sem merktir eru á ratleikskortið eða vísað á þá. Fjöllin eða fellin í Grindavík eru fremur lág móbergsfjöll en setja þó mikinn svip á umhverfið. Öll munu þau hafa orðið til við gos undir jökli og ekki eldri en frá því seint á síðustu ísöld. Ratleikurinn vísar á nokkur slík fjöll. Fróðleikurinn byggir á tilgátum en stuðst er við sagnir, örnefnalýsingar og munnmæli fólks í Grindavík. Höfundur ratleiks er Sigrún Jónsd. Franklín Bókstafi og tölustafi á hverjum stað þarf að færa inn á lausnarblaðið og skila því í Kvikuna ekki síðar en 22. júní. Dregið verður úr réttum lausnum og það tilkynnt í Jónsmessugöngunni á Þorbirni 23. júní.

### Veglegir vinningar í boði

1. Gjafabréf í Bláa Lónið og þriggja rétta á LAVA restaurant fyrir tvo
2. Gjafabréf í Bláa Lónið og þriggja rétta á LAVA restaurant fyrir tvo
3. Gjafakort í Nettó að upphæð 25.000

Vinsamlegast látið vita ef spjöld finnast ekki eða hafa verið færð úr stað í Kvikuna s. 420 1190.

**BLUE LAGOON**  
ICELAND



### Söguratleikur

Bókstafur Tölustafur

	Bókstafur	Tölustafur
1. Vestan við Grindavíkurveg – upplýsingaskiltin		
2. Austan við Grindavíkurveg – bílastæði Svartsengis		
3. Austar í hlíðum Svartsengisfells		
4. Slóða fylgt áfram í kringum Svartsengisfell		
5. Slóða fylgt þar til komið er að Lyngrima		
6. Við Skógfellastíg stika nr. 56 og Reykjaveg		
7. Við Gálgakletta í Hagafelli, Reykjavegur (stikaður)		
8. Við bílastæði Þorbjarnar við heitavatnstankinn		
9. Við söguskilti í Selskógi		

Með því að raða saman bókstöfunum sem eru á hverri hinna 9 stöðva á réttan hátt kemur út nafn á sögustað

Nafn: \_\_\_\_\_

Heimili: \_\_\_\_\_

Bæjarfélag: \_\_\_\_\_ Sími: \_\_\_\_\_